

Kennsla í media/miðlun í framhaldsskólunum á Norðurlandi á þrepi 1, 2 og 3

Er þetta bara blautur draumur?

[Myndband](#)

Kvikmyndastefna til ársins 2030

Markmið II. Fjölbreyttari og metnaðarfull kvikmyndamenntun

23–26

Aðgerð 5. Aukið framboð á námi í kvikmyndagerð og mynd- og miðlalæsi á öllum skólastigum

25

a. Gott mynd- og miðlalæsi eflir gagnrýna hugsun og sköpunarkraft.

25

b. Sérhæft og sveigjanlegt nám á framhaldsskólastigi.

25

c. Kvikmyndanám á háskólastigi.

25

„Markmið stefnunnar er að styrkja íslenska menningu og tungu og sjálfsmynd þjóðarinnar, efla atvinnulífið og stuðla að sterku orðspori Íslands“

„Í takt við róttækar breytingar á samfélögum heimsins, sem gjarnan eru kenndar við fjórðu iðnbyltinguna, er kallað eftir því að fjölbreyttari stoðum verði skotið undir íslenskt atvinnulíf...“

Markmið II. Fjölbreyttari og metnaðarfull kvikmyndamenntun

Að efla mynd- og miðlalæsi á öllum skólastigum og setja á fót kvikmyndanáms á háskólastigi.

Við lifum á tímum snjallsíma, streymisveitna og annarra sjónrænna miðla sem sjá okkur fyrir stöðugu flæði myndmáls frá morgni til kvölds. Framboð og aðgengi að kvikmynda- og afþreyingarefni hefur aldrei verið meira og ekkert bendir til að lát verði á þeirri þróun. Íslenskt kvikmyndaefni á í beinni og harðri samkeppni við alþjóðlegt afþreyingarefni um athygli barna og ungmenna og því er mikilvægt að huga markvisst að kvikmyndauppeldi til að tryggja að íslenskt efni hafi jafnmikið aðdráttarafl og sé jafnsjálfsagður valkostur og erlent efni.

Einn þáttur kvikmyndastefnu er að átak verði gert í að efla mynd- og miðlalæsi barna og unglunga. Hefja þarf markvissa þróun fjölbreyttra og aðgengilegra námsgagna sem nýtast til að auka skilning og styrkja gagnrýna hugsun jafnt í námi sem heima fyrir. Hér má líta til nágrannaþjóða okkar sem hafa náð eftirtektarverðum árangri með nútímalegri nálgun, þar sem m.a. tölvuleikir og smáforrit hafa verið sérstaklega hönnuð í þessum tilgangi.

Liður í því að efla íslenska kvikmyndagerð og auka alþjóðlegt orðspor landsins á því sviði er að bjóða fram fjölbreytt og metnaðarfullt nám í kvikmyndagerð innanlands. Kvikmynda- stefna dregur fram mikilvægi þess að veita gott kvikmyndauppeldi á öllum skólastigum. Áriðandi er að auka námsframboð í kvikmyndagerð á framhaldsskólastigi með áherslu á að þroska skapandi hugsun, fagmennsku, hugrekki og sjálfstæði nemenda og efla meðvitund þeirra um ábyrgð á eigin námi og framtíð. Vandað og sérhæft kvikmyndanáms í íslenskum framhaldsskólum, þar sem námsframboð í hagnýtum og listrænum greinum er fjölbreytt, býr ungt fólk undir frekara nám á þessu sviði og skapar tækifæri til starfa í þeirri vaxandi grein sem íslensk kvikmyndagerð er.

Aðkallandi er að koma á vönduðu og metnaðarfullu kvikmyndanámi á háskólastigi svo að kvikmyndagerð standi öðrum listgreinum jafnfætis að þessu leyti. Slikt nám mun efla listrænt sjálfstæði íslenskrar kvikmyndagerðar, auka faglega umræðu og stuðla að nýliðun. Öflugt fræðisamfélag á háskólastigi styrkir fræðimennsku og rannsóknir í greininni og eykur hlutdeild kvikmynda í listasögu og menningararfi.

„...efla mynd- og miðlalæsi barna og unglunga“

„Hefja þarf markvissa þróun fjölbreyttra og aðgengilegra námsgagna...“

Ragnhildur Gísladóttir. Ungfrúin góða og húsið (Guðný Halldórsdóttir, 1999).

„Ég er með fimm háskólagráður.“

(Næturvaktin, 2007. Leikstjórn: Ragnar Bragason. Handrit: Jóhann Ávar Grimsson, Jón Gnarr, Jörundur Ragnarsson, Pétur Jóhann Sigfússon, Ragnar Bragason)

„Hér má líta til nágrannaþjóða okkar sem hafa náð eftirtektarverðum árangri...“

„...bjóða fram fjölbreytt og metnaðarfullt nám í kvikmyndagerð innanlands.“

„Áriðandi er að auka námsframboð í kvikmyndagerð á framhaldsskólastiginu...“

„...vandað og sérhæft kvikmyndanáms í íslenskum framhaldsskólum...“

Hvað er media/miðlun?

- Heildrænt skipulag sem gengur út á að koma framleiddu efni til viðtakanda.
 - Með heildrænu skipulagi er átt við alla þá þætti sem með einum eða öðrum hætti hafa snertifleti við að miðla efni til viðtakanda, oft með ákveðinni upplifun í huga.
 - Nálgunin er tæknilegs eðlis með áherslur á þekkingu, leikni og hæfni í að framleitt efni komist til skila til viðtakanda, með tilætluðum árangri.
 - Efnið sem þarf að miðla getur verið af ólíkum toga; myndrænt, sjónrænt og/eða hljóðrænt en það á það sameiginlegt að því þarf að koma til viðtakanda í formi upplifunnar.

Hvað eigum við að kenna? - Tillögur

- Ljósastjórnun
 - Lýsing á
 - Leiksýningum
 - Tónleikum
 - Viðburðum (í skólunum, Menningarhúsum, íþróttahúsum, Fiskideginum mikla...)
 - Lýsing, með tilliti til ljósmyndunar og videoupptöku/-útsendingar/-kvikmyndun
 - Forritun og hönnun lýsingar, litafræði og notkun ólíkra ljósgjafa
- Hljóðvinnsla
 - Hljóð á
 - Leiksýningum
 - Tónleikum
 - Viðburðum (í skólunum, Menningarhúsum, íþróttahúsum, Fiskideginum mikla...)
 - Upptökufræði
 - Útsendingahljóð
 - Hljóðfræði og forritun

Hvað eigum við að kenna? - Tillögur

- Myndatökur
 - Ljósmyndatökur (t.d. af viðburðum, kynningum, auglýsingum...)
 - Videoupptökur (t.d. af viðburðum, kynningum, fræðslu, viðtöl...)
 - Videoútsendingar á netinu
 - Útsendingastjórnun
 - Grafík í video-i (Grænn veggur)
 - Klippingar
 - Ólík myndform
 - 360° myndatökur
 - 3D myndatökur (depth mapping)
 - Virtual Reality vinnsla
 - Augmented Reality vinnsla
- Handritagerð
 - Tilgangur og eðli handritagerðar
 - Skapandi skrif
 - Hvernig skal segja sögu

Hvað eigum við að kenna? - Tillögur

- Að starfrækja útvarpsstöð/-stöðvar
 - Bein útsending og upptaka á efni
- Að starfrækja sjónvarpsstöð/-stöðvar
 - Bein útsending og upptaka á efni
- Vinnslu og uppbyggingu á podcasti fyrir bæði audio og video
- Gerð fræðslu- og kynningaefnis , t.d. fyrir skólanna
- Gerð efnis fyrir sýndarveruleika (VR gleraugu)
 - Bæði upptekið efni og teiknað (Animation)
- Að nemendur geti verðlagt sína vinnu (kunni að verðleggja sig)
 - Unnið verði með raunverulegar verðskrár í verkefnum til að næmni nemenda fyrir virði vinnu þeirra sé eflað en veittur verður veglegur afsláttur vegna eðli verkefna
- Meðhöndlun, vistun og umsýsla gagna
 - Afrakstur námsins verður gríðarlega mikið magn gagna á ólíku formi. Það skiptir máli hvernig á að fara með þau gögn.

Hverjir eiga að kenna og hvernig?

- Allir framhaldsskólarnir á norðurlandi taka þátt - SAMSTARF
 - Vinnum með styrkleika hvers skóla fyrir sig
- Kennt í lotum
 - Mögulega utan hefðbundins skólatíma. Helgar gætu verið námstími og/eða verkefnatími
 - Leiðbeinendur er fagfólk/kunnáttufólk sem starfar í viðkomandi fagi. Á þá jafnan ekki heimagennt á hefðbundnum skólatíma
 - Mögulega eru nemendur vinnandi með námi og því getur verið erfitt að sækja dagskóla
 - Nemendur þyrftu að geta ferðast til og frá, gist og borðað á vegum kennsluskóla
 - Reynt yrði að hámarka fjarkennslu til að lágmarka lotubundið staðarnám

Hvers vegna ættum við að kenna þetta?

- Áhugasamir nemendur eru í dag að vinna við og að læra þessi atriði innan skólanna án þess að til komi nokkur formleg viðurkenning
- Þessi starfsemi styður við skólastarfið
 - Sviðslistabraut Menntaskólans á Akureyri
 - Nemendafélög eru með viðburði sem þörf er á að sinna
 - Skólarnir sjálfir eru líka með viðburði sem þörf er á að sinna
 - Starfsfólk og nemendur þurfa oft tæknilega aðstoð við sína vinnu/sitt skólastarf.
- Vinnumarkaðurinn á Norðurlandi þarf æ meir á miðlunnarþjónustu að halda
 - HOF og Berg (Menningahúsin þurfa stöðugt á hæfu fólki að halda)
 - Fjölmiðlar (sjónvarp, útvarp, netmiðlar og prentmiðlar)
 - Ferðarþjónusta og söfn (t.d. Menningatengd þjónusta, sbr www.1238.is)
 - Viðburðarþjónustur/-haldendur (t.d. Fiskidagurinn mikli, Ein með öllu, Síldarævintýrið, Mærudagar...)
 - framleiðendur vöru og þjónustu (litlir og stórir – Vörukynningar/-pot á samfélagsmiðlum og vefsíðum fyrirtækjanna)
 - Áhrifavaldar á t.d. samfélagsmiðlum
 - Kvikmyndarþjónustur (t.d. tæknaaðstoð við framleiðslu kvikmynda hér á landi - True North sem dæmi)
 - Listafólk (t.d. tónlist, grafík, videolist...)
- Félagasamtök (ípróttafélög, félög með samfélagslegan tilgang) þurfa einnig á media þjónustu að halda
 - Útsendingar á leikjum/keppnum
 - Ráðstefnur/Þing félagasamtaka
 - Kynningar, t.d. tengt kosningum til þings/sveitastjórna/forseta

Hvers vegna ættum við að kenna þetta?

- Tækjabúnaður er dýr og erfitt fyrir einstaka skóla að ráðast í mikil tækjainnkaup og að ráða hæfa kennara. Saman gætum við dreift kostnaði og viðhaldið endurnýjun tækja og ráðið hæfa leiðbeinendur
- Nemendaverkefni gætu verið notuð til fræðslu innan skólanna (how-to verkefni o.flr) og til kynningar á starfsemi skólanna
 - Skólarnir þurfa gott og vel unnið kynningaefni til að kynna sig
 - Leiðbeiningar þurfa æ meir að vera myndrænar og tæknilegar
- Er öflugur stuðningur við aðrar brautir innan skólanna, ekki bara fyrir nýja sviðslistabraut MA
- Styrkir tilvist skólanna og eflir samstarf þeirra

Hverskonar nemendur sækja þetta nám? - Dæmi

- Jón er í 10. bekk grunnskóla
 - Jón ætlar á náttúrufræðibraut í MA
 - Jón hefur áhuga á hljóðvinnslu
 - Jón tekur því sitt hefðbundna nám í MA en lærir hljóðvinnsluna og fær diplóma í hljóðvinnslu
 - Jón getur m.a. starfað við hljóðvinnslu á viðburðum og við önnur hljóðverkefni og/eða haldið áfram námi í hljóðvinnslu eða því sem hugur hans stendur til.
 - Jón og Sigríður sitja saman námskeiðin í hljóðvinnslu sem eykur líkur á kennsluhæfi námskeiðanna
 - Jón getur tekið að sér verkefni sem tengjast hljóðvinnslu eða sótt meira nám.
- Sigríður er í 10. bekk grunnskóla
 - Hún vill læra media fræðin í heild sinni
 - Hún vill líka taka stúdent
 - Hún tekur loturnar en samhliða er hún t.d. á fjölgreinabraut VMA til stúdents
 - Hún gæti samhliða útskrifast sem media fræðingur (diplóma) og stúdent
 - Sigríður getur hafið störf innan media geirans eða haldið áfram námi til sérhæfingar.
- Gunnar er í 10. bekk grunnskóla í Reykjavík
 - Gunnar vill búa áfram í Reykjavík
 - Hann vill fara á vinnumarkaðinn en hefur áhuga á ljósahönnun á viðburðum
 - Hann tekur þá loturnar, eins mikið og hægt er í fjarnámi en er annars á vinnumarkaði.
 - Hann fer norður til að taka þær lotur sem hann þarf að taka á staðnum. Loturnar eru kenndar utan hefðbundins náms- og vinnutíma
 - Gunnar og Sigríður sitja saman námskeiðin í ljósahönnun sem eykur líkur á kennsluhæfi námskeiðanna
 - Gunnar getur tekið að sér verkefni sem tengjast lýsingu og hönnun lýsingar á viðburðum, fyrir sjónvarp, kvikmyndir o.flr. eða sótt meira nám.

En hvað þurfum við að gera?

- Hefja samstarf milli skólanna
- Skipta með okkur verkum
- Athuga með styrki til áframhaldandi undirbúnings
- Hefja formlegan undirbúning
- Smíða námsskrá
- Hefja fjármögnun brautarinnar (upphafs fjármögnun og v/endurnýjunar tækja)
- Skipa fagrað í einstökum efnispáttum
- Skipta lotunum á milli skólanna
- Kynningastarf
 - mun vekja athygli innan fjölmiðlanna
 - Mun vekja athygli utan Norðurlands (dregur til sín nemendur t.d. frá höfuðborgarsvæðinu)

Önnur markmið brautarinnar - Metnaðurinn

- Innan 15 ára frá stofnun, taki fyrrverandi nemandi brautarinnar við virtum verðlaunum (Óskar, Golden Globe, BAFTA...) fyrir framlag sitt, grundvallað á náminu.
- Námið verði fyrirmynd annarra skóla sem hafa hug á að kenna MIÐLUN
- Nemendur verði eftirsóttir á vinnumarkaði eða í áframhaldandi námi, bæði á Íslandi og erlendis
 - Viðurkenning vinnumarkaðarins á náminu er mikilvæg
 - Náið samstarf við vinnumarkaðinn er lykilatriði
- Brautin verði eftirsóttur vinnustaður fagfólks í viðkomandi námsgreinum, byggt á metnaði og framsýni brautarinnar
 - Unnið verði með nýjustu tækni samhliða eldri tækni
 - Unnið verði með nýjasta hugbúnað samhliða eldri

Árni F Sigurðsson og Gunnar Sigurbjörnsson



Viðbætur - vinnuskjal:

- Tónlistarnám þarf að tengjast inn í verkefnið
- Búningahönnun þarf að tengjast inn í verkefnið
- Förðun þarf að tengjast inn í verkefnið
- Leikmyndagerð þarf að tengjast í verkefnið
- Nám í viðskiptum/markaðsfræðum/frumkvöðlafræði tengt viðburðum/kvikmyndaframleiðslu/streymingum... Þarf að tengjast í verkefnið
- Fleira???